Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Billa og Bonna

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – Ragnar Tómasson - E. Einarsson - Billi – Bonni - bréf 16. apríl 1931

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Móttekið 20. 4. 31.
Svarað 20. 4. 31

Darmstadt 16. 4. '31.

Kæri vinur!

Þakka fyrir bréfið þitt, og bið að afsaka að jeg hef ekki skrifað þjer fyr. Það gleður okkur að þú skulir ætla að heimsækja Darmst. Þjeðan hefur þú ágætt tækifæri til að skoða þig um í Rínarbyggðunum. Þú getur sofið hjá okkur Bonna, við höfum 2 herbergi og lausan divan í öðru. Uppihald að öðru leiti yrði ekki dýrara en í B. [redacted] ——— Aðalástæðan fyrir að jeg skrifa þjer nú er leiðinlegt mál, sjálfum mjer viðvíkjandi, sem jeg ætla að biðja þig ráða um, annars hefði jeg að líkindum trassað að skrifa þjer eina vikuna enn. Það er best jeg segi þjer ítarlega frá öllu, það verður að vera langt mál, en nauðsynlegt er að þú komist vel inn í það alt saman ef gagn á að gera. —— Í haust áður en jeg fór að heiman keyptum við Beggi (Fini) og Kristján nokkur, sem með honum er í Kompagníi

II

500 sútaðar íslenskar gærur til að selja
hjer í Þýskalandi. Beggi og Kristján
áttu svo að stofna Firmað: „H. Þórðarson og Co."
og jeg að vera sölumaður hjer. Beggi ætlaði að
~~láta~~ auglýsa Firmað skömmu eftir að jeg
fór og verslunarleyfi átti að koma seinna.
Beggi hefur lengi verslað með ýmislegt heima
og hafði kið í Mjólkurfjelagshúsinu í haust
svo jeg hygg við að hann hafi gert það,
veit það þó ekki með vissu.

Nú víkur sögunni hingað til D. Skinnin
komu og jeg fjekk þjóðverja nokkurn, sem
jeg þekkti frá fyrri tíð, til að selja þau
fyrir mig. Hann var áður „Handelsreisende."
Jeg áleit þennan mann heiðarlegan
og þóttist ekki þurfa að fara í lögfræðing
til að gera samning við hann. Við gerðum
þó í sameiningu samnings-afskræmi
það, sem jeg sendi þjer afskrift af.
Salan á skinnunum hefur ekkert gengið,
og jeg vildi helst senda þau heim aftur.
Nú ~~kemur~~ segist hann hafa selt 75 skinn
til Mainz ~~gegn~~ með gjaldfresti, en þegar að skulda-
dögunum kom, fjekk jeg engva peninga.

IV Það var almennur fögnuður í Koloníunni, er það frjettist,
að þið munduð heimsækja okkur. Hjer er fínasta veður,
daglega yfir 15 stiga hiti og trjein eru farin að blómstra.
Snúið við

III

skinnin kosta 4000.00 Kr. Brutto, þar af hefur pabbi borgað helming fyrir mig.

---

Síðar sagði hann að skinnin lægju í Mainz, og væru útgengin og yrðu send hingað aftur. Síðan er nú langur tími, og skinnin eru ekki komin enn.

Hvort meira vantar á lagerinn veit jeg ekki, varla þó mikið, að minsta kosti ekki þegar jeg kom þangað seinast. ——

Nú kemur að aðalatriðinu, jeg hef nefnilega gert „kommentu" í samningunum, með því að segjast sjálfur vera eigandi skinnanna. Jeg meinti með því að jeg væri eigandinn ~~gagnvart~~ gagnvart honum, og get auðvitað alltaf samað leiðrjetta með því að skrifa F heim. Auk þess er þjóðverji hjer í grendinni sem hefur verið á Íslandi og veit líka samma í málinu. Nú ógnar þessi góði maður mjer með því, að jeg verki verglun án leifis og geti því átt á hættu að verða rekinn úr skóla, og hlotið önnur óþægindi. Nú bið jeg þjer að segja mjer hvað best er að jeg geri í málinu, skrifaðu mjer sem allra fyrst. Þú afsakar hvað þetta er barnalega skrifað, jeg er ákaflega nervös og á örröglegt með að skrifa skipulega.

Kær kveðja til Bjarna G.

þinn Billi.

Þú bagar því auðvitað eftir þínum studium, hvenær þú kemur hingað. Við höfum það sem stendur, og ef þú hefur það líka getur þú komið strax. Annars getur þú komið hvenær sem þjer sýnist, þú ert alltaf velkominn E.E.

V.

Ferðin til Heidelberg ~~ca~~ t.d. er skemtilegust, þegar að Bergstrasse er nýbúið að klæðast vorbúningnum. Bergstrasse heitir hlíðin frá Darmstadt að Heidelberg.

Hvað skinnaverzluninni viðkemur, þá heimtar sölumaðurinn leigukostnað á geymsluplássinu, en vill ekki taka það á sínar herðar, þó skinn vanti í lagerinn, sem eru RM. 1000,oo - þúsund Marka - virði. Hótar hann tollurum og öðrum óþjóðalýð, ef Billi gefur honum ei þann frest til að skaffa skinnin, sem honum best sýnist, en að líkindum koma þau aldrei. Víst trúlegast að hann hafi selt þau í smápartium og stungið peningunum í sinn vasa. Billi er dauðhræddur um það, að hann tapi skinnunum; - en sölumaðurinn getur varla hótað Billa með tollþjónum, þar sem á skinnunum er aðeins sölutollur og Billi veit ekki, að neitt skinn sje selt; - að minsta kosti hefir hann enga peninga fengið! Billi hefir látið Einar og nokkra Norðmenn fá skinn, en eigi tekið fyrir það nema því er svarar innkaupsverði og kostnaði. Þú ættir að athuga þetta strax og svara eins fljótt og hægt er, því hjer (fch. á spássíu.)

er um fleiri þúsund krónur að ræða fyrir Billa, Begga og Kristján. Verður að minsta kosti að reyna að bjarga afganginum. Heldur þú að nokkur hætta sje á því, að Billi komist í klípu vegna þess, að hann af vangá sagðist eiga skinnin en ekki G. Þ. & Co? Hann er hjer einungis „lagerstjóri" fyrir firmað og sölumaður þess, og því er varla hætta á að það komi í bága við lögin. Kær kveðja Bonni

# Vertrag!

Unterzeichneter schliesst mit Herrn E. E. Darmst. Ohlystrasse 36. folgenden Vertrag:

Ich unterhalte als Provisionsvertreter im Hause Inselstr 27 III. ein Kommissionslager von 500 gegerbten isländischen Schaffellen. Besitzer derselben ist Herr E. E.

! Er zahlt mir Reisespesen und Provision ~~nach~~ nach schriftlicher Übereinkunft; desgleichen monatliche Lagermiete. Sämtliche eingehenden Beträge gehen zu Händen von Herrn E. E.

Darmstadt 3. Okt '30

Unterschrift

Ich Wilh. Strack, Darmstadt, Inselstr 27 beziehe von sämtlichen Verkäufen von isl. Schafsf. aus meinem Lager 8% Provision vom Verkaufspreis Reisekosten laufen als Vertrauungsspesen. Die monatliche Lagermiete ab 1. Okt 1930 beträgt 20.– Rm

Provision, Spesen, und Miete werden von E. E. ~~A~~ ausbezahlt.

Darmst. 23. Okt 30

E. Einarsson

Sendist áfram, með þeirri
athugasemd, að skólinn
hefir sýnilega ~~að~~ unnið
frægan sigur í viður-
eigninni. Þeir skrifa
rektor, að þeir lofi að
gera ekki samtök gegn
kenslu né kensluaðferðum
nema þeir þykist
órétti beittir!

Eg sendi
um daginn
til Bj. Guðm.
með Halld.
Kiljanssyni

Hr. Cand. jur.
Pétur Benediktsson
Gammel-Kongevej 125 III. t.v.
København
Danmark.